

Sveitarfélagið Stykkishólmur / Stykkishólmsbær
Kristín Þorleifsdóttir
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmi

Garðabær, 9. október 2025
202509-0148/Á.G.
08.06

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi - Agustsonreitur - Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagið Stykkishólms er barst 24. september þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi innan þéttbýlis Stykkishólmsbæjar nánar til tekið á Agustsonreit.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin tekur til 0,56 ha svæðis við höfnina í Stykkishólmi. Landnotkun svæðisins verur breytt úr athafnasvæði í verslunar- og þjónustusvæði ásamt íbúðabygg. Agustsonreitur tekur til þriggja lóða; Aðalgötu 1, Austurgötu 1 og Austurgötu 2. Í deiliskipulagstillögunni verður gert ráð fyrir hóteli með samkomu- og ráðstefnusal, verslunar- og þjónusturýmum og kjallara fyrir bílastæði o.fl. á Austurgötu 1 og íbúðarbyggingu með verslun og þjónustu á neðri hæð á Austurgötu 2. Friðuð bygging við Aðalgötu 1 verður óbreytt.

Byggðamynstur og ásjúnd

Þéttbýlismyndun hófst nýr á Þórsnesinu á 19. öld og eru þó nokkur hús enn til staðar frá þeim tíma og fram á byrjun 20. aldar sem gefur byggðinni áberandi og sérstakt yfirbragð sem mjög mikilvægt er að varðveita og vernda. Innan svæðisins er verslunarhús Tang og Riis en það var reist árið 1890. Húsið setur sterkan svip á götummynd bæjarins. Mikilvægt er einnig að líta til húsa sem eru í nágrenni við áhrifasvæðið enda órjúfanlegur hluti byggðarmynstursins sem um ræðir. Sjávarpakkhúsið reist 1903, Hafnargata 4 1914, Narfeyrarstofa 1906, Apótekið og Egilsenshúsið reist árið 1967.

Því bendir Náttúruverndarstofnun á mikilvægi þess að nýbyggingar á Agustsonreit falli eins vel og hugsast getur að þeim gömlu byggingum sem eru fyrir á öllu hafnarsvæðinu.

Fornminjar

Þar sem um gamlan bæjarhluta er að ræða er mög mikilvægt að fara gætilega að öllu jarðraski á svæðinu og fylgja ráðum Minjastofnunar varðandi framkvæmdirnar.

Virðingarfyllst,

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur
Axel Benediktsson
teymisstjóri